

Mánudaginn 1. desembermán.

Nr. 32/1890.

Rjettvísinn
gegn

John Barnett.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 26. ágústmánaðar þ. á., er hinn ákærði, enskur sjómáður af skipinu Dove, John Barnett, dæmdur fyrir líkamlegt ofbeldi og drápstilraun samkvæmt 189. gr., sbr. 46. gr. og 205. gr. hegningarlaganna, samanbornum við 40. gr. sömu laga, í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En þessum dómi hefur að tilhlutun hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Það má álíta sannað í máli þessu, að 12. dag júlímán. þ. á., þegar ákærði var í landi af skipi sínu á Þingeyri við Dýrafjörð, fór hann þar inn í hús, sem lækjurinn og verzlunarmaður F. Thordarsen bjuggu í. Hafði hann fyrst nokkur drykkjulæti við aðra húsfreyjuna, en eftir að hún komst undan honum upp á lopt, vildi hann komast inn í stofu niðri í húsinu, þar sem verzlunarmáðurinn, vinnukona hans og Norðmaður einn voru inni. En er þau læstu að sjer fyrir honum, braut hann úr hurðinni neðsta spjaldið (fyldinguna), svo að gat það, er á kom, var svo stórt, að meðal- maður mátti komast þar inn um. Síðan tók hann tvíhleypta apturhláðningsbyssu hlaðna, er var þar fyrir framan dyrnar hjá honum og verzlunarmaðurinn átti, og hleypti úr henni báðum skotunum inn um gatið á hurðinni, og lenti fyrra skotið í gólfinu nálægt fótunum á verzlunarmanninum, en hitt í pilinu hinu megin í

herberginu. Ekki sá fólkid, sem inni var eða nokkur annar, að ákærði reyndi að miða byssunni á þá, sem í stofunni voru, enda sakaði þá eigi að öðru en því, að flísar hrukku úr gólfinu við fyrra skotið í handarbakið á verzlunarmanninum, svo að hann brufaðist ofurlítið á því. Það er einnig sannað, að þegar verzlunarstjóri F. R. Wendel skömmu síðar kom inn í húsið og ætlaði að stilla ákærða til friðar, þá rjødst ákærði á hann og barði hann í andlitið, svo að hann fleiðradist á nokkrum stöðum á nefinu, milli augnanna, en nefið varð mjög bólgið eptir og augnaumgjörðin blá og mjög bólgin, einkum að neðanverðu og innanverðu, og hefur læknir vottað, að nefið muni ávallt verða nokkuð aflagað eptir áverkann.

Ákærði hefur stöðugt haldið því fram, að hann hafi verið svo út úr drukkinn, að hann myndi ekkert eptir sjer þann tíma, sem hann hafðist þetta að; en eptir því sem upplýst er um framkomu hans, verður þó eigi álitid, að hann hafi eigi vitað, hvað hann gjörði, þó að hann hafi verið töluvert ölvaður og því haft síður stjórn á sjer en ella.

Með því að það nú eigi er sannað, að ákærði hafi viljað granda nokkrum manni með skotum þeim, er hann hleypti af inn í stofuna, og því síður að hann hafi viljað ráða öðrum manni bana með þeim, verður hann ekki dæmdur fyrir drápstilraun eða samkvæmt 187. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna (ekki samkvæmt 189. gr., eins og stendur í hinum áfrýjanda dómi). Aftur á móti verður að fallast á það, að ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, er af undirdómaranum dæmdur samkvæmt 205. gr. hegningarlaganna fyrir líkamlegar meiðingar, og virðist hegningin fyrir afbrot hans með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaganna og með tilliti til

þess, að hann hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan brotið var framið og situr enn, sbr. 59. gr. hegningarláganna, hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að því er málskostnað snertir ber að staðfesta undirrettardóminn, og ber ákærða einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda hjer við rjettinn, 10 kr. til hvors þeirra. Endurgjalds eða bóta samkvæmt 303. gr. hegningarláganna hefur eigi verið krafizt undir málinu.

Við prófun málsins þykir það aðfinningarvert, að eigi hefur verið leitað upplýsinga um það, hve mikið af áfengum drykkjum hinn ákærði hafi drukkið á Þingeyri eptir að hann kom í land við umgetið tækifæri, og svo er þess eigi heldur getið, hvernig hinum ákærða, sem er útlendingur, hafi verið gjörð skiljanleg rannsóknin í málinu. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, John Barnett, á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður; svo greiði ákærði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.